



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 12. september 2016

Ákvörðun nr. 25/2016

Kaup Síldarvinnslunnar hf. á hlutum í Runólfi Hallfreðssyni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 19. ágúst 2016 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Síldarvinnslunnar hf. (hér eftir Síldarvinnslan) á hlutum í Runólfi Hallfreðssyni ehf. (hér eftir RH), sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, og reglur nr. 684/2008, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningnum eru gerðir fyrirvarar um að fyrir liggi samþykki Samkeppniseftirlitsins um kaupin til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með bréfi dags. 24. ágúst 2016 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og að frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga hafi því byrjað að líða frá og með 22. ágúst 2016.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a-lið 1. mgr. kemur fram að þetta geti átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Síldarvinnslan byggi á 50 ára reynslu annars vegar í fiskvinnslu og hins vegar útgerð. Síldarvinnslan sé útgerðarfélag sem hafi unnið að uppbyggingu fiskveiða á hafsvæðinu í kringum Ísland ásamt því að reka fiskvinnslu. Mikil áhersla hafi verið lögð á að ná fram hagræðingu innan félagsins með það fyrir augum að styrkja félagið sjálft og efla stöðu þess á mörkuðum með fiskafurðir. Síldarvinnslan á tvö skip sem stunda einungis uppsjávarveiðar en þau eru Börkur NK 122 og Beitir NK. Þá starfræki félagið fiskiðjuver í uppsjávarfiski og reki þrjár verksmiðjur sem framleiða fiskimjöl og lýsi. Félagið geri síðan einnig út botnfiskveiðiskipin Barða NK 120 og Blæng NK. Þá veitir Síldarvinnslan sérhæfða hafnarþjónustu í Neskaupstað. Auk þess að sjá um löndun eigi félagið rúmgóða frysti- og kæligeymslu og afkastamikla ísverksmiðju.



Í samrunatilkynningunni er vísað til þess að á árinu 2013 hafi Síldarvinnslan keypt útgerðarfélagið Berg-Huginn ehf. sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 *Kaup Síldarvinnslnnar hf. á Bergi-Hugin ehf.* og tekið fram að félagið sé enn rekið sem sjálfstæð eining innan Síldarvinnslnnar. Auk þess hafi Síldarvinnslan á árinu 2014 keypt útgerðarfélagið Gullberg ehf. sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2014 *Kaup Síldarvinnslnnar ehf. á Gullbergi ehf. og fiskiðjuveri Brimbergs ehf.* Það félag er einnig rekið sem sjálfstæð eining innan Síldarvinnslnnar.

RH er í samrunatilkynningunni sagt vera útgerðarfyrirtæki þar sem megináhersla hafi verið lögð á uppsjávarveiðar. Félagið geri út togarann Bjarna Ólafsson AK 070 og megnið af aflanum hans hafi verið seldur til Síldarvinnslnnar.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 *Kaup Síldarvinnslnnar hf. á Bergi-Huginn ehf.* var ekki sýnt fram á yfirráð Samherja hf. né Gjögurs hf. yfir Síldarvinnslnni og teljast þessi þrjú fyrirtæki vera sjálfstæð í skilningi samkeppnislaga. Fyrirtækin eru þar að auki bæði raunverulegir og mögulegir keppinautar í fiskveiðum, fiskvinnslu og sölu fiskafurða hér á landi, sbr. umfjöllun í framangreindri ákvörðun. Um bein og óbein yfirráð Síldarvinnslnnar í öðrum félögum segir í samrunatilkynningunni að félagið eigi 66,8% eignarhlut í Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf., 58,1% eignarhlut í Fjárfestingarfélaginu Vör, 70% eignarhlut í Seley ehf., 100% eignarhlut í Snæfelli ehf., 100% eignarhlut í Bergi-Huginn ehf., 61% eignarhlut í Olíusamlagi útvegsmanna í Neskaupstað, 100% eignarhlut í SVN eignarfélagi og 100% eignarhlut í Gullbergi ehf. Fram kemur að ekkert af framangreindum dótturfélögum sé í starfsemi sem snerti veiðar og/eða vinnslu á uppsjávarveiðum.

Þá kemur fram að RH fari ekki með bein yfirráð yfir neinu félagi.

Í samrunatilkynningunni segir að í dag sé Síldarvinnslan eigandi að 38% eignahlut í RH en 62% eignarhlutur sé í eigu db. Ragnheiðar Gísladóttur. Með kaupsamningum dagsettum 12. ágúst 2016 kaupir Síldarvinnslan 37,2% hlut af þremur lögerfingjum en tveir lögerfingjar munu áfram eiga 12,4% hlut hvor í RH. Heildarhlutur Síldarvinnslnnar í RH verður í kjölfar kaupanna 75,2%. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér tilkynningarskyldan samruna í skilningi samkeppnislaga.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samrunatilkynningunni kemur fram það mat samrunaaðila að um láréttan samruna sé að ræða sem feli ekki í sér að markaðsráðandi staða verði til eða samkeppni raskist að öðru leyti. Markaðshlutdeild Síldarvinnslnnar hækki óverulega hvað varðar



uppsjávarveiðar en breytist ekkert er varðar aðra markaði. Þá leiði samruninn ekki til þess að samkeppni raskist að neinu leyti.

Samrunaaðilar starfa að hluta til á sömu mörkuðum en starfsemi þeirra skarast hvað varðar uppsjávarveiðar en bæði Síldarvinnslan og RH gera út skip sem stunda uppsjávarveiðar aðallega við Íslandsstrendur. Að mati samrunaaðila eru markaðirnir sem um ræðir þeir sömu og Samkeppniseftirlitið skilgreindi í ákvörðun nr. 10/2013 *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.*

Eins og áður segir gera samrunaaðilar báðir út skip til uppsjávarveiða. Síldarvinnslan gerir út tvö skip sem stunda slíkar veiðar og RH eitt sem jafnframt er eina skip félagsins. Með tilliti til þess er það mat samrunaaðila að einn af mörkuðum málsins séu uppsjávarveiðar.

Þá starfrækir Síldarvinnslan fiskiðjuver í uppsjávarfiski og er einnig framleiðandi fiskimjöls og lýsis á Íslandi í þremur verksmiðjum sem vinna uppsjávarafla í bræðslu, þ.e. á Norðfirði, á Seyðisfirði og í Helguvík. Afurðirnar sem Síldarvinnslan framleiðir eru fyrir erlendan markað. RH starfrækir ekki fiskiðjuver og getur ekki fryst afla um borð. Samkvæmt því telja samrunaaðilar að einn af þeim mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á sé uppsjávarafli til vinnslu sem sé annað hvort sjófrystur eða til endurvinnslu innanlands eða venjulega landaður afli til eigin vinnslu innanlands eða þriðja aðila.

Samrunaaðilar selja ekki uppsjávarafla á fiskmarkaði og telja því aðilar að uppsjávarafli á fiskmarkaði sé ekki einn af mörkuðum málsins. Fiskmarkaðir á Íslandi sérhæfa sig ekki í uppsjávarafla.

RH selur ekki uppsjávarfurðir beint á erlenda markaði en það gerir Síldarvinnslan hins vegar. Um er að ræða útflutning uppsjávarfurða sem innihalda ekki útfluttar sjávarafurðir í loftþéttum umbúðum. Útflutningsmarkaður þessa máls nær því yfir beinan útflutning samrunaaðila á uppsjávarafurðum til útflutnings. Samrunaaðilar telja að einn af mörkuðum þessa máls sé útflutningur á frosnum uppsjávarafurðum.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland og vísa þeir í því sambandi til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 þar sem byggt var á því að máli varði „*starfsemi útgerða á Íslandi sem feli í sér fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda sem úthlutað er skv. lögum nr. 116/2006 og innbyrðis viðskipti með þær og ráðstöfun á þeim afla þegar honum er landað hér á landi.*”

Samrunaaðilar vilja engu að síður koma því á framfæri að útflutningsmarkaðir fyrir uppsjávarfisk séu ávallt erlendis og hafa Austur-Evrópa og Rússland verið sterkir markaðir fyrir frystar afurðir. Stærstur hluti af uppsjávarfiski sé því ætlaður fyrir erlendan markað. Íslenskar útgerðir, vinnslur, milliliðir og aðrir aðilar í sjávarútvegi séu þannig í samkeppni við aðrar útgerðir, vinnslur og milliliði víðs vegar um heiminn að mati samrunaaðila. Samkeppnin sé afar hörð og gæta verður ítrustu hagkvæmni í rekstri og meðferð afla til þess að eiga möguleika á að viðhalda viðskiptasamböndum og jafnvel efla þau. Þá megi því með auðveldum hætti rökstyðja þá niðurstöðu að viðkomandi landfræðilegur markaður afmarkist ekki einungis af Íslandi heldur af mörkuðum fyrir uppsjávarafurðir sem sé eins og áður segir aðallega í Austur-Evrópu.



Samkeppniseftirlitið tekur undir skilgreiningu samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum málsins þ.m.t. landfræðilegum markaði. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila sem byggir m.a. á upplýsingum Fiskistofu og fylgdi samrunatilkynningunni má sjá að samrunaaðilar eru innan við 20% í aflahlutdeild á markaði fyrir uppsjávarfisk eftir samrunann.

Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls má sjá að markaðshlutdeild þeirra er óveruleg bæði fyrir og eftir að samruni þeirra hefur átt sér stað.

Af framangreindu telja samrunaaðilar að samruninn leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samkeppni raskist með öðrum hætti á viðkomandi mörkuðum. Markaðsgerðin í útgerð, fiskvinnslu og útflutningi verður nánast eins fyrir og eftir samruna enda hafi RH um langt skeið selt Síldarvinnslunni hráefni af Bjarna Ólafssyni AK 070. Starfsemi félaganna að því er varðar uppsjávarveiðar muni því lítið breytast þrátt fyrir samrunann og vandséð hvernig samruninn eigi að geta haft einhver áhrif á markað er tengist uppsjávarfiski. Samrunaaðilar verða með óverulega markaðshlutdeild auk þess sem staða Síldarvinnslunnar tekur mjög óverulegum breytingum frá því þegar Samkeppniseftirlitið tók ákvörðun í máli nr. 10/2013 vegna kaupa Síldarvinnslunnar á Bergi-Huginn ehf.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að sá samruni sem felst í kaupum Síldarvinnslunnar á 37,2% hlut í RH sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð

„Með kaupsamningum dagsettum 12. ágúst 2016, keypti Síldarvinnslan hf. 37,2% hlut í Runólfi Hallfreðssyni ehf. Umrædd kaup fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson